

Sendandi: Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, Grænvangur, Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð, í samstarfi við Sagafilm og RÚV

Efni: Framleiðsla fjölmiðlaefnis um loftslagsmál, grænar lausnir og nýsköpun á því sviði

Reykjavík, 18. desember 2019

Kæru bæjar-/sveitarstjórar.

Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, í samstarfi við Grænvang, Festu, Sagafilm og RÚV vinnur að fjármögnun fjölmiðlaverkefnisins *Hvað GETUM við gert?* um loftslagsmál, grænar lausnir og nýsköpun á þessu sviði. Verkefnið er sjálfstætt framhald sjónvarpsþáttaraðarinnar *Hvað höfum við gert?* sem sýnd var á RÚV fyrr á árinu. Við sem að verkefninu stöndum höfum mikinn áhuga á að fá bæjar- og sveitastjórnir til liðs við það því við teljum að þátttaka þessara aðila styrki verkefnið mjög. Sveitarfélögin eru mörg hver frumkvöðlar í verkefnum á sviði loftslagsmála án þess að það njóti sérstakrar athygli eða kynningar og í *Hvað getum við gert?* gefst tækifæri til að kynna þær aðgerðir sem þegar eru í gangi auk möguleikanna í málaflokknum.

Ríkisstjórn Íslands hefur þegar lagt verkefninu til fjármagn, líkt og hún gerði við framleiðslu *Hvað höfum við gert?* auk valinna fyrirtækja úr öllum geirum atvinnulífsins. Aðkoma sveitarfélaga að verkefninu mun skipta sköpum fyrir framgang þess og gegna lykilhlutverki í þeirri samfélagsvakningu sem nú á sér stað um loftslagsmál.

Þáttaröðin *Hvað höfum við gert?* vakti mikla athygli og átti ríkan þátt í aukinni meðvitund og umræðu um loftslagsmál. Áhorf á þættina var með því besta sem þekktist á sjónvarpsmarkaði í dag. Ennfremur hlaut Sagafilm fjölmiðlaverðlaun Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem afhent voru á Degi íslenskrar náttúru, þann 16. september síðastl.


Við leitum því til bæjar- og sveitarfélaga eftir fjárstuðningi til að koma verkefninu í framkvæmd. Bakhjörllum verkefnisins býðst m.a:

- aðgangur að þáttunum eftir frumsýningu, til dreifingar og notkunar að vild
- möguleiki á að sérmerkja sér valda þætti og nýta í kynningar- og markaðsstarfi
- sýnileiki í tengslum við verkefnið
- nýting vörumerkisins



í eigin efni og kynningum

Við óskum jafnframt eftir því að funda með ykkur til að ræða mögulega aðkomu að verkefninu.



Elín Hirst
Verkefnastjóri *Hvað GETUM við gert?*
elinhirst@elinhirst.is - gsm 899-9350



Eggert Benedikt Guðmundsson
Forstöðumaður Grænvangs



Hrund Gunnsteinsdóttir
Framkvæmdastjóri Festu,
miðstöðvar um samfélagsábyrgð



Tinna Jóhannsdóttir
Framkvæmdastjóri dagskrárdeildar Sagafilm



Vera Knútsdóttir
Framkvæmdastjóri Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi